

3. Undirrituð, Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, Álafossi í Mosfellssveit, eigandi **159**
 Klæðaverksmiðjunnar Álafoss, tilkynni hér með, að eiginmaður minn, Sig-
 urjón Pétursson, sama stað, hefir framvegis, eins og að undanfögnu, pró-
 kúruumboð fyrir Klæðaverksmiðjuna Álafoss, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Klæðaverksmiðjan Álafoss

Sigurjón Pétursson.

Álafoss, 7. sept. 1933.

Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir.


AUGLÝSING

160

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
 um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1933.

Skrás. 1933, nr. 1.

Tilkynnt 10. desember 1932, kl. 11 árd., að Ásgarður h/f., smjörlikisgerð,
 Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.



Mynd af skjöldóttri kú, en í boga fyrir ofan stendur orðið: Rjórabús-
 smjörliki.

Merkið er skrásett fyrir smjörliki.

Skrás. 1933, nr. 2.

Tilkynnt 14. desember 1932, kl. 2 sídd., af Scheving Thorsteinsson, lyfsala,
 Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.

Orðið: HEVA með bogadregnu stryki fyrir ofan og neðan.



160 Merkið er skrásett fyrir allskonar lyfjavörur, svo sem dropa, pillur, tölur, smyrslí og hvað eina, sem til lyfja getur talizt, ennfremur fyrir kemiskar og tekniskar vörur og fegrunarvörur, hverju nafni sem nefnast.

Ber að skoða orðið Heva sem sérstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vöru- tegundir.

Skrás. 1933, nr. 3.

Tilkynnt 12. janúar 1933, kl. 3 síðd., af H. J. Heinz Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 21. s. m.




Mynd af glasi. Efst á myndinni er skráð orðið: HEINZ og þar fyrir neðan: ESTD. 1869, en neðst á myndinni, innan í aflöngum reit, stendur orðið: HEINZ og þar undir: 57, VARIETIES PURE FOOD PRODUCTS ásamt nafni tilkynn- anda.

Merkið er skrásett í London 6. maí 1932, 42. flokki, fyrir fæðuefni svo og bætiefni í fæðu.

Skrás. 1933, nr. 4.

Tilkynnt 1. febrúar 1933, kl. 2 síðd., af Ásgarður h/f, smjörlikisgerð, Reykjavík, og skrásett 4. s. m.




Mynd af einlitri kú.

Merkið er skrásett fyrir: Smjör og smjörlíki, ost og ostalíki, bakarafeiti, allskonar olíu og feiti eða blöndun úr þeim, súkkulaði, súkkulaðilíki, kókó, karamellur og allskonar súkkulaði- og sykurvörur, dósamjólk, sæta og ósæta, niðursoðinn rjóma, rjóma á flöskum, þeytirjóma og rjómalíki, mjólk á flöskum, mjólkurlíki, sýrða og hleypta mjólk, skyr, yoghurt, kefir, þurmjólk, barnamjólk, allskonar neytluvörur, tilbúna úr mjólk eða mjólkurefnum og efnafræðilegar vörur.

Skrás. 1933, nr. 5.

Tilkynnt 15. janúar 1933, kl. 3 síðd., af H/f Svanur, smjörlíkis- og efna-gerð, Reykjavík, og skrásett 4. febrúar s. á.



Mynd af svan sitjandi á vatnsbylgjum.

Merkið er skrásett fyrir allar vörur, hverju nafni sem nefnast og talist geta undir efnaiðju, svo sem allar hreinlætis- og snyrtivörur, allar vörur, sem framleiddar eru við kemiska og fysiska blöndun, ennfremur mjólkurafurðir, hverju nafni sem nefnast, allar niðursoðuvörur, hvort sem þær eru upprunnar frá dýra- eða jurtaríkinu, allar sósur og saftir, súkkulaði, sælgætis- og kryddvörur, brauð og bakaravörur, öl, gosdrykki og aðra svaladrykki, smjörlíki, jurtafeiti, tólg og önnur feittiefni úr jurta- eða dýraríkinu.

Skrás. 1933, nr. 6.

Tilkynnt 16. febrúar 1933, kl. 3 síðd., af Knoll Aktiengesellschaft, kemiskur verksmiðjurekstur, Luéwigshafen am Rhein, Þýzkaalandi, og skrásett 4. marz s. á.

160 Orðið:

Octin

Samkv. tilkynningu 13. september 1920, er merkið skrásett í Berlin 6. nóv. s. á. fyrir kemiskar lyfjasamsetningar, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 11. september 1930.

Skrás. 1933, nr. 7.

Tilkynnt 18. febrúar 1933, kl. 11 árd., af Aage Schiöth, lyfjaverzlun, Siglu-firði, og skrásett 4. marz s. á.

Orðið: SANA.

Merkið er skrásett fyrir allskonar lyf, allskonar efna- og fegrunarvörur, og er orðið: Sana að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vöru-tegundir.

Skrás. 1933, nr. 8.

Tilkynnt 8. marz 1933, kl. 12 á háð., af Verzlun Einars Eyjólfssonar, Reykjavík, og skrásett 9. s. m.




Innan ferhyrnings er mynd af stúlku í sporöskjulagaðri umgerð, og heldur stúlkan á kökumóti, en yfir myndinni eru lettuð orðin: Efnagerð Íslands.

Merkið er skrásett fyrir allskonar bökunarefni, hverju nafni sem nefnast.

Skrás. 1933, nr. 9.

Tilkynnt 17. marz 1933, kl. 11 árd., af H/f Smjörlikisgerðin, smjörlikisfram-leiðsla o. fl., Reykjavík, og skrásett 30. s. m.



Orðin: „Blái borðinn“ á láréttu striki. Niður úr strikinu, yzt til hægri handar og upp úr því til vinstri, koma örstutt, lóðrétt hök, en frá efri enda vinstra haksins kemur hringur, og nær hann jafnlangt inn á aðalstrikið að neðan, sem nemur lengd haksins. Innan í hring þessum er annar minni hringur.

Skrás. 1933, nr. 10.

Tilkynnt 17. apríl 1933, kl. 2 síðd., af The Marconiphone Company, Limited, verksmiðjurekstur, Hayes í Middlesex, Englandi, og skrásett 25. s. m.

Orðið:

MARCONIPHONE

Merkið er skrásett fyrir: Viðtæki og gjallara fyrir þráðlaus talsambönd, allt sem almenningur þarfnast til þess að hlusta á útvarp, raftæki til notkunar við almennings-ávörp, viðtæki við opinbert fjarsýnisútvarp, kvikmyndatæki og kvikmyndafilmur, tilbúnað til sýningar, sem og áhöld til ritunar og endurframleiðslu á hljóði.

Skrás. 1933, nr. 11.

Tilkynnt 23. marz 1933, kl. 11 árd., af Skandinavisk Grammophone Aktieselskab, verzlun og verksmiðju, Frihavnen, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 27. apríl s. á.

Orðið:

RADIOVOX

Merkið er skrásett fyrir: Áhöld, tæki og útbúnað til upptöku, endurvarps, yfirfærslu eða viðtöku hljóða og hluta af slíkum tækjum, útvarpsviðtæki, gjallara, kvikmyndaáhöld og hluta af þeim, kvikmyndafilmur, fjarsýnistæki og hluta af þeim, termionlampa, sem og hverskonar fylgitæki við ofangreind áhöld.

Skrás. 1933, nr. 12.

Tilkynnt 15. maí 1933, kl. 3 síðd., af Titan & Co. A/S, verksmiðja og verzlun, Fredrikstad í Noregi, og skrásett 9. júní s. á.




Svartur, kringlóttur miði með mynd af jarðhnetti. Á honum situr maður, er í vinstri hendi uppréttri heldur á hlut, sem geislar stafa frá. Yfir þveran hnöttinn stendur orðið: KRONOS. Efst í hringnum standa orðin: TITAN HVITT með hvítu lettri, en neðst orðin: Vare Merke.

Samkv. tilkynningu 28. júní 1933, er merkið skrásett í Oslo 17. desember s. á. fyrir Titan-sambönd og liti og litarefni, sem innihalda Titan, steinefnalíti (litar- og teygjuefni), deig, málningarefni, þerriefni og önnur bætiefni fyrir litarefni, deig, málningu og lökk, ennfremur fyrir allskonar ádráttarefni handa verksmiðjum og iðnaðarmönnum. Skrásetningin síðan endurnýjuð 17. desember 1932.

Skrás. 1933, nr. 13.

Tilkynnt 2. júní 1933, kl. 11 árd., af Det Danske Medicinal- & Kemikalie-Kompagni A/S, verksmiðja og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 15 s. m.



Rétthyrndur miði. Yfir þvert efra horn hans, vinstra megin, standa með grænum lit stafirnir: „MCO“ milli tveggja jafnhliða, grænna strika.

Samkvæmt tilkynningu 9. maí 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 19. maí s. á. fyrir allar vörur, hverju nafni sem nefnast.

Skrás. 1933, nr. 14.

Tilkynnt 2. júní 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 15. s. m.
Orðið:

160

MEDICINALCO

Samkv. tilkynningu 2. marz 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 25. s. m. fyrir: Efna- og lyfja-afurðir, sápu, ilmvoðn, februnarförur (smyrsl, duft, gljásmyrsl, áburð, munnvatn, hárvöðn o. þvl.) og kerti. Skrásetningin síðan endurnýjuð 25. maí 1932.

Skrás. 1933, nr. 15.

Tilkynnt 22. júní 1933, kl. 3 síðd., af Ingvari Guðjónssyni, fisk- og sildveiðar og verzlun, Akureyri og Siglufirði, og skrásett 7. júlí s. á.



Mynd af hjarta á svörtum grunni með íletruðu stóru S og orðin: Trade og Mark sitt hvoru megin. Í stórum bring utan um hjartað eru letruð orðin: PRIMA ISLÄNDISCHE MATTISE HERINGE. NORDPOL BRAND.

Merkið er skrásett fyrir allar sildarafurðir, sérstaklega léttverkaða (skotzk-verkaða) sild.

Skrás. 1933, nr. 16.

Tilkynnt 22. júní 1933, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 7. júlí s. d.




Fjórar síldir, er snúa höfðum saman og mynda Þórshamar með bogadregnum örmum. Myndirnar af þeim eru innan í hring, er myndast af orðunum: PRIMA ISLÄNDISCHE MATTISE HERINGE, I G J E. SIGLUFJÖRÐUR. Með þverletri eru skráð orðin: Trade-Mark sitt hvoru megin í hringnum.

Merkið er sérstaklega skrásett fyrir léttaltaða (skozk-verkaða) síld.

Skrás. 1933, nr. 17.

Tilkynnt 10. júní 1933, kl. 2 síðd., af heildverzlun Garðars Gíslasonar, Reykjavík, og skrásett 11. júlí s. á.



Upphafsstafirnir G G skrautritaðir með skriflettri og samandregnir þannig, að þeir snúa bökum saman.

Skrás. 1933, nr. 18.

Tilkynnt 22. júlí 1933, kl. 11 árd., af firmanu Sveinn Sigurjónsson & Co., umboðssala, Reykjavík, og skrásett 28. s. m.



Hnattmynd og þvert yfir hana letrað orðið: PERFECTIÖN, en nokkru ofar orðið: HVEITI. Ofan á hnattmyndinni er fjallsmynd og út frá henni beggja megin fánastengur með klofnum fána. Efst milli stanganna stendur orðið: FJALLKONAN í bogadreginni línu.

Merkið er skrásett fyrir hveiti.

Skrás. 1933, nr. 19.

Tilkynnt 12. júlí 1933, kl. 11 árd., af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 5. ágúst s. á.

Orðið:

EX-EX

Merkið er skrásett sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir rakvélablöð og allskonar eggjárñ, sem og fyrir allskonar vörur úr málni.

Skrás. 1933, nr. 20.

Tilkynnt 14. júlí 1933, kl. 3 síðd., af A/S De Forenede Bryggerier, ölgerð, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 5. ágúst s. á.



Merkið er í tveimur hlutum:



1) Réttthyrningur á svörtum grunni, sem að mestu er þakinn tveimur minni réttthirningum, öðrum órange-gulum að lit, en hinum ljósgrænum. Í gula reitnum er orðið: tuborg með svörtu letri, og er kóróna yfir fyrsta stafnum. Í ljósgræna reitnum, sem þekur að nokkru gula reitinn, stendur með hvítum, skyggðum stöfum orðið: funkisko. Punkturinn yfir i-inu er hvítur, skyggður hringur og fyrir ofan hann til hægri er annar hringur svipaður, en minni. Í efra horninu til hægri eru hvítir smáhringir.

2) Aflangur réttthyrningur á svörtum grunni, sem að nokkru er þakinn gylltum reit réttthyrndum og neðar öðrum réttthyrndum reit ljósgrænum, sem tekur yfir hluta af gyllta reitnum. Í gyllta reitnum stendur með svörtum stöfum: bör nydes afkölet, og þar fyrir neðan: lovbesky.

Samkvæmt tilkynningu 5. maí 1933, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. júní s. á. fyrir: Öl, gosdrykki, ávaxtavín, vínföng og aðrar drykkjarvörur, ís, bökunar- og styrkiefni, bökunarbindiefni, síróp, sírópsvörur, matarlíti, soya, edik, kolsýru, maltextrakt, ger, maltafurðir og aðrar ölgerðarafurðir, sem og óunnin lyfjaefni úr jurtaríkinu.

Skrás. 1933, nr. 21.

Tilkynnt 14. júlí 1933, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. ágúst s. á.




Merkið er í tveim hlutum: 1) Rétthyrningur á svörtum grunni, sem að mestu er þakinn tveimur minni rétthyrningum ljósum. Í efri reitnum til vinstri er orðið: tuborg með svörtu letri, og er kóróna yfir fyrsta stafnum. Í reitnum til hægri, sem er neðar og þekur að nokkru efri reitinn, stendur með hvítum skyggðum stöfum orðið: funkisko. Punkturinn yfir i-inu er hvítur, skyggður hringur og fyrir ofan hann til hægri er annar hringur svipaður, en minni. Í efra horninu til hægri eru hvítir smáhringir. 2) Aflangur rétthyrningur á svörtum grunni, sem að nokkru er þakinn tveimur minni rétthyrningum ljósum, og tekur sá neðri yfir hluta af efri reitnum. Í efri reitnum stendur með svörtum stöfum: bør nydes afkølet, en þar fyrir neðan: lovbesky.

Samkvæmt tilkynningu 30. maí 1933, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. júní s. á. fyrir: Öl, gosdrykki, ávaxtavín, vínföng og aðrar drykkjarvörur, ís, bökunar- og styrkiefni, bökunarbindiefni, siróp, sirópsvörur, matarlíti, soya, edik, kolsýru, maltextrakt, ger, maltafurðir og aðrar ölgerðarafurðir, sem og óunnin lyfjaefni úr jurtaríkinu.

Skrás. 1933, nr. 22.

Tilkynnt 14. júlí 1933, kl. 3 síðd., af A/S De Forenede Bryggerier, ölgerð, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 5. ágúst s. á.




Merkið er rétthyrningur á svörtum grunni, sem að mestu er þakinn tveimur minni rétthyrningum, öðrum að ofan til vinstri orangegulum, en hinum að neðan til hægri ljósgrænum, og tekur sá yfir nokkurn hluta af gula reitnum.

Samkvæmt tilkynningu 30. maí 1933, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 10. júní s. á.

Skrás. 1933, nr. 23.

Tilkynnt 4. ágúst 1933, kl. 4 síðd., af Jóni G. Jónassyni, verzlun, Seyðisfirði, og skrásett 9. s. m.



Stafirnir J G J samandregnir þannig, að J-in snúa bökum saman, og er G-ið dregið yfir þau bæði.

Skrás. 1933, nr. 24.

Tilkynnt 22. júlí 1933, kl. 11 árd., af Norsk Hydro-Elektrisk Kvælstofaktieselskab, kemiskur verksmiðjuíðnaður og verzlun, Oslo í Noregi, og skrásett 15. ágúst s. á.

Orðið:

NORIG

Samkv. tilkynningu 1. febrúar 1933 er merkið skrásett í Oslo 19. apríl s. á. **160** fyrir kalksaltþétur.

Skrás. 1933, nr. 25.

Tilkynnt 29. júlí 1933, kl. 12 á h., af Ford Motor Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 15. ágúst s. á.

Orðið:

FORDSON

Merkið er skrásett í London 23. maí 1922, 7. flokki, fyrir traktora við landbúnað, og síðar 11. desember 1931, 6. flokki, fyrir traktora, sem ekki eru ætlaðir til notkunar við landbúnað.

Skrás. 1933, nr. 26.

Tilkynnt 12. ágúst 1933, kl. 11 árd., af Standard Oil Company of New Jersey, verksmiðjurekstur og verzlun, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 17. s. m.

Orðið:

ESSOLENE

Samkv. tilkynningu 18. marz 1931 er merkið skrásett í Washington 22. júlí s. á. fyrir: Hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur unnar úr steinolíu, blandaðar eða ekki blandaðar efnum úr dýraríkinu, jurtaríkinu eða steinaríkinu, til notkunar við upplýsingu, brennslu, orkuframleiðslu, vélarekstur og smurning ásamt smurningsfeiti.

Skrás. 1933, nr. 27.

Tilkynnt 17. marz 1933, kl. 12 á h., af Angostura Bitters (Dr. J. G. B. Siegert & Sons) Limited, bittergerð, Port of Spain, Trinidad, og skrásett 17. ág. s. á.

Orðin:

ANGOSTURA BITTERS.

Merkið er skrásett í Port of Spain 6. janúar 1923, 43. flokki, sem sérstakt heiti á árveig (bitter).

160

Skrás. 1933, nr. 28.

Tilkynnt 30. marz 1933, kl. 2 síðd., af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-
teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 31. ágúst s. á.

Orðið:

GLJÁGULA

Merkið er skrásett fyrir allskonar fægilög, skóáburð, bón, vélaoliur, vagn-
áburð, liti, blek, lakk og oliur. Er orðið „GLJÁGULA“ að skoða sem sérstakt
tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 29.

Tilkynnt 30. marz 1933, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 31. ágúst s. á.

Orðið:

GLJÁLÖGUR

Merkið er skrásett fyrir allskonar sápur, þvottaefni, skóáburð, allskonar
fægilög, bón, vélaoliur, vagnáburð, liti, blek, lakk og oliur. Er orðið „GLJÁ-
LÖGUR“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 30.

Tilkynnt 30. marz 1933, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 31. ágúst s. á.

Orðið:

GLJÁVAX

Merkið er skrásett fyrir allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, alls-
konar fægilög, fægiduft, bón, vélaoliur, vagnáburð, sóða, ræstiduft, brons, liti,
blek, lakk og oliur. Ber að skoða orðið „GLJÁVAX“ sem sérstaklega tilbúið
heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 31.

Tilkynnt 30. marz 1933, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 31. ágúst s. á.

Orðið:

GLJÁSVERTA

Merkið er skrásett fyrir allskonar sápur og skóáburð, allskonar fægilög,
bón, vélaoliur, vagnáburð, brons, liti, blek, lakk og oliur. Ber að skoða orðið
„GLJÁSVERTA“ sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 32.

160


Tilkynnt 30. marz 1933, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 31. ágúst s. á.
Orðið:

GLJÁBRÚNA

Merkið er skrásett fyrir allskonar fægilög, skóáburð, bón, vélaolíur, vagn-
áburð, liti, blek, lakk og oliur. Er orðið „GLJÁBRÚNA“ að skoða sem sérstak-
lega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 33.


Tilkynnt 9. september 1933, kl. 11 árd., af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kem-
isk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 16. s. m.



Merkið er rétthyrningur, myndaður af ferhyrnum ramma, gerðum af
mjórri línu, með litlum hálfhringum settum á linuna og vita bogarnir upp. Í
bilinu milli hálfboganna ofanverðra eru smádeplar, en út af hverju horni ramm-
ans er heillhringur. Frá neðra vinstra horni rétthyrningsins liggur breitt band
upp í hægra efra horn hans, en samhliða því liggja fjórar mjóar línur, tvær að
ofan og tvær að neðan.

Skrás. 1933, nr. 34.

Tilkynnt 9. september 1933, kl. 11. árd., af sama, og skrásett 16. s. m.



- 160** Merkið er réttthyrningur, myndaður af ferhyrindum ramma, gerðum af mjórri línu, með litlum hálfhringum settum á línuna og vita bogarnir upp. Í bilinu milli hálfboganna ofanverðra eru smádeplar, en út frá hverju horni rammans er heillhringur. Frá neðra hægra horni réttthyrningsins liggur breitt band upp í efra vinstra horn hans, en samhliða því liggja fjórar mjóar línur, tvær að ofan og tvær að neðan.

Skrás. 1933, nr. 35.

Tilkynnt 11. september 1933, kl. 11 árd., af William & Humbert, vínverzlun, London, Englandi, og skrásett 16. s. m.

Orðið:

MOLINO

Merkið er skrásett í London 9. október 1911, 43. flokki, fyrir Sherry. Skrásetning sú síðan endurnýjuð 9. október 1925.

Skrás. 1933, nr. 36.

Tilkynnt 20. september 1933, kl. 11 árd., af H/f. Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 7. október s. á.

Orðið:

PRIMULA

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillussykur, allskonar lakrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, ediksýru, soya, matarliti, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðir eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hármæðul, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, ennfremur fyrir allskonar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. — Er orðið „Primula“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 37.

Tilkynnt 20. september 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 7. október s. á.

Orðið:

KONSÚM

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillusykur, allskonar lakrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarliti, ávaxtalit, allskonar safa, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðir eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hárméðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaoliur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, ennfremur fyrir allskonar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. — Er orðið „Konsúm“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir. 160

Skrás. 1933, nr. 38.

Tilkynnt 20. september 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 7. október s. á.
Orðið:

STJARNA

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjótssykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillusykur, allskonar lakrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarliti, ávaxtaliti, ávaxtaliti, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðir eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hárméðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaoliur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, ennfremur fyrir allskonar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. — Er orðið „Stjarna“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 39.

Tilkynnt 20. september 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 7. október s. á.
Orðið:

KÓRÓNA

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjótssykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillusykur, allskonar lakrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarliti, ávaxtaliti, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðar eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hárméðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvotta-

160 efni, kerti og skóaburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og olíur, ennfremur fyrir allskonar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. — Er orðið „Kóróna“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 40.

Tilkynnt 6. september 1933, kl. 11 árd., af The British Cement Manufacturers, Limited, verksmiðja og verzlun, London, Englandi, og skrásett 14. október s. á.



Hringmyndað merki. Innst í hringnum er skáferhyrningur og í honum mynd af fil. Fyrir ofan myndina er skráð orðið: PORTLAND, en fyrir neðan hana orðin: Trade Mark og: CEMENT. Í útjaðri hringsins stendur þessi áletrun: JOHNSON & CO. — LONDON and NEWCASTLE.

Merkið er skrásett í London 10. maí 1912, 17. flokki, fyrir steinlim (Cement) og er sú skrásetning síðan endurnýjuð 28. febrúar 1932.

Skrás. 1933, nr. 41.

Tilkynnt 22. september 1933, kl. 11 árd., af Ford Motor Company Limited, verksmiðja, London, Englandi, og skrásett 14. október s. á.

Orðið:

FORD

Merkið er skrásett í London 11. desember 1924, 22. flokki, fyrir aflyftur, loftdælur, vélar í bifreiðar, hreyfla, segulkveiki og rafala í bifreiðar, miðstöðvarofna, rafræsi og raftundur og hluta af þeim, bifreiðar og bifreiðagrindur. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 29. júní 1929.

Skrás. 1933, nr. 42.

Tilkynnt 7. október 1933, kl. 3 síðd., af Jönköpings och Vulcans Tändsticksfabriksaktiebolag, verksmiðjurekstur, Jönköping í Svíþjóð, og skrás. 19. s. m.



Á aflöngum einkennismiða er ferstrendur rammi. Á efri, láréttu hlið rammans, stendur orðið: SVEA, en á þeirri neðri: SÄKERHETS TÄNDSTICKOR. Inni í rammanum er mynd af konu, sem situr á ljóni og heldur hún á skildi í vinstri hönd. Fyrir ofan hana stendur orðið: GARANTI.

Samkv. tilkynningu 24. maí 1916 er merkið skrásett í Stokkhólmi 4. júlí s. á. fyrir eldspýtur og umbúðir um eldspítur.

Skrás. 1933, nr. 43.

Tilkynnt 1. sept. 1933, kl. 11 árd., af Ásgeiri Bjarnasyni, sildarkaupmanni, Hvanneyri við Siglufjörð, og skrásett 19. október s. á.



Hringur með akkeri. Utan um legginn er bókstafurinn S, en fyrir ofan akkerisásinn upphafsstafirnir A og B, sinn hvoru megin við legginn. Innan í hringnum stendur að ofan orðið: ISLAND, en að neðan orðin: TRADE MARK.

Merkið er skrásett fyrir grófsaltaða sild.

Skrás. 1933, nr. 44.

Tilkynnt 1. sept. 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 19. október s. á.



160 Hringur með akkeri. Utan um legginn er upphafsstafurinn S, en fyrir ofan akkerisásinn upphafsbókstafirnir A og B, sinn hvoru megin við legginn. Innan í hringnum stendur að ofan orðið: ISLAND, og að neðan orðin: TRADE MARK, en til hliðanna, sitt hvoru megin, standa orðin: PRIMA og MATJES.

Merkið er skrásett fyrir léttsaltaða sild.

Skrás. 1933, nr. 45.

Tilkynnt 18. okt. 1933, kl. 11 árd., af Efnagerðin Stjarnan, eigandi Mjólkurfélag Reykjavíkur, framleiðsla og verzlun, Reykjavík, og skrásett 31. s. m.




Mynd af stúlku í upphlut með skotthúfu, sitjandi á stól með kaffikvörn í kjöltunni.

Merkið er skrásett fyrir kaffi og kaffibæti.

Skrás. 1933, nr. 46.


Tilkynnt 18. október 1933, kl. 11. árd., af sama, og skrásett 31. s. m.



Fimmhyrnd stjarna, tvöföld, og utan um hana geislabaugur, kringlóttur að innan, en sporöskjulagaður út á við.

Skrás. 1933, nr. 47.

Tilkynnt 10. nóvember 1933, kl. 2 síðd., af firmanu H. Ólafsson & Bernhöft, heildsala og umboðsverzlun, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.



Aflangur, rétthyrndur einkennismiði með tvöfaldri umgerð. Efst á honum stendur orðið: AROMA, en þar fyrir neðan dökkur reitur, sem nær þvert yfir miðann, og á hann letrað orðið KAFFI í sérstakri umgerð, neðst er mynd af kaffikönnu rjómakönnu, sykurkeri og bollapari, en fyrir ofan ummæli um vöruna.

Merkið er skrásett fyrir brennt og malað kaffi, óbrennt kaffi, kaffibæti, te og kakaó, og er orðið „Aroma“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vöruheindir.

160

Skrás. 1933, nr. 48.

Tilkynnt 15. nóvember 1933, kl. 11 árd., af h/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknið verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

BELLA

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marzipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillussykur, allskonar lakkris, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, ediksýru, soya, matarliti, ávaxtaliti, allskonar dropa, oliur og safa, sem notaðir eru til heimilisparfa, kaffibæti, tannpasta, hármæðul, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, ilmvoðn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skoáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaoliur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, og ennfremur fyrir allskonar landbúnaðar- og sjávarafurðir. — Er orðið „Bella“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 49.

Tilkynnt 23. nóvember 1933, kl. 12 á háð., af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, verzlun, Reykjavík, og skrásett 30. s. m.



Réttthyrndur einkennismiði með mynd frá Þingvöllum, þar sem sér úr Almannagjá út yfir Þingvallavatn. Efst á myndinni fyrir miðju standa með svörtu letri orðin: GOÐA SMJÖRLÍKI, en á neðra horni myndarinnar, vinstra megin, stendur með smærra, hvítu letri, innan í hvítum hring: ½ KÍLÓ.

Merkið er skrásett fyrir smjörlíki.

Skrás. 1933, nr. 50.

Tilkynnt 5. desember 1933, kl. 2 síðd., af Sælgætis- og efnagerðin Freyja h/f, verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 9. s. m.



Mynd af ketti með kryppu og rófunu upp. Beggja megin við myndina stendur orðið: VÖRUMERKI skift. Undir myndinni er lettrað á borða orðið: FREYJA.

Merkið er skrásett fyrir súkkulaðisvörur og aðrar framleiðsluvörur verksmiðjunnar.

Skrás. 1933, nr. 51.

Tilkynnt 8. desember 1933, kl. 11 árd., af Stanco Incorporated, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 21. s. m.

Orðið:

Nujol

Samkv. tilkynningu 12. janúar 1924, er merkið skrásett í Washington 3. júní s. á. fyrir ætar oliur, smurningsoliur, steinkenndar oliur og oliublöndur, íring (emulsion) og blandanir á steinkenndum olíum við önnur efni til meðalnotkunar.

Samkv. útskrift úr vörumerkjaskrá Bandaríkjanna, er tilkynnandi fyrst skrásettur sem eigandi merkisins 15. júní 1928.

Skrás. 1933, nr. 52.

Tilkynnt 12. des. 1933, kl. 3 síðd. af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-
teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 21. s. m.

Orðið:

PAN


Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsýkur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang,

160 vanillusukur, allskonar lakkrís, limonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, soya, matarliti, ávaxtaliti, allskonar dropa, oliur, tannpasta, hárméðul, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, ilmvoðn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og oliur, enn fremur fyrir allskonar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir.

Er orðið „PAN“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 53.

Tilkynnt 14. des. 1933, kl. 2 síðd., af Verzlun Sveins Hjartarsonar á Siglufirði, og skrásett 21. s. m.



Mynd af hirti á hlaupum.

Skrás. 1933, nr. 54.

Tilkynnt 18. des. 1933, kl. 3 síðd., af Henrik Frederik Moldrup Hollesen, verksmiðjueiganda, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 21. s. m.

Orðið:

GOLF

Samkvæmt tilkynningu 11. júlí 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 3. ágúst s. á. fyrir miðstöðvarofna ásamt hengingarútbúnaði, fótum, töppum og krönnum við þesskonar ofna.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43, 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð á árinu:

Skrás. 1913 nr. 1.

A/S Sirius, Frihavnens Chocoladefabrik, Köbenhavn, frá 8. apríl.

Skrás. 1923 nr. 1.

160

Geo G. Sandeman, Sons & Co., London, frá 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 8.

Willard Storage Battery Comp., Cleveland, Ohio, Bandaríkjum N.-Am., frá 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 9.

Westminster Tobacco Comp., Ltd., London, frá 2. marz.

Skrás. 1923 nr. 10.

Elektriska Aktiebolaget Volta, Storkholm, frá 9. marz.

Skrás. 1923 nr. 15.

Det Danske Petroleum-Aktieselskab, Köbenhavn, frá 14. apríl.

Skrás. 1923 nr. 16.

The Texas Company, New York, frá 17. maí.

Skrás. 1923 nr. 19.

Standard Oil Company of New Jersey, Wilmington, Bandaríkjum N.-Am., frá 9. júní.

Skrás. 1923 nr. 20.

Sami, frá 9. júní.

Skrás. 1923 nr. 24.

Mishawaka Rubber and Woolen Manufacturing Company, Mishawaka, Ohio, Bandar. N.-Am., frá 19. júní.

Skrás. 1923 nr. 26.

Det Danske Petroleum-Aktieselskab, Köbenhavn, frá 16. ágúst.

Skrás. 1923 nr. 28.

Stefán Thorarensen, Reykjavík, frá 30. ágúst.

Skrás. 1923 nr. 29.

Osram G.m.b. H., Kommandit G/S, Berlin, frá 10. september.

Skrás. 1923 nr. 30.

O. Nilssen & Søn A/S, Bergen, frá 18. sept.

Skrás. 1923 nr. 33.

A/S Simonsen & Nielsen, Köbenhavn, frá 19. okt.

Skrás. 1923 nr. 34.

Sami, frá 19. okt.

Skrás. 1923 nr. 37.

Kodak, Limited, London, frá 15. nóv.

Skrás. 1923 nr. 38.

Henkel & Cie, G.m.b. H., Düsseldorf, frá 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 39.

Sami, frá 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 40.

Sami, frá 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 41.

Sami, frá 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 43.

J. S. Fry & Son, Ltd., London, frá 22. nóv.

Ennfremur hafa eftirgreind merki verið **afmáð** úr vörumerkjaskránni, samkvæmt 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1913 nr. 3.

Joseph Nathan & Co., Ltd., London, 27. okt.

Skrás. 1923 nr. 2.

Geo G. Sandeman, Sons & Co., Ltd., London, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 3.

Sami, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 4.

Sami, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 5.

Sami, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 6.

Sami, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 7.

160

Sami, 27. febrúar.

Skrás. 1923 nr. 11.

Jewett Motor, Detroit, Bandaríkj. N.-Am., 16. marz.

Skrás. 1923 nr. 12.

Det Danske Petroleums-Aktieselskab, Köbenhavn, 14. apríl.

Skrás. 1923 nr. 13.

Sami, 14. apríl.

Skrás. 1923 nr. 14.

Sami, 14. apríl.

Skrás. 1923 nr. 17.

British-American Tobacco Comp., Ltd., London, 31. maí.

Skrás. 1923 nr. 18.

Sami, 31. maí.

Skrás. 1923 nr. 21.

Standard Oil Company (Incorporat in New Jersey), Bayonne, New Jersey,
9. júní.

Skrás. 1923 nr. 22.

Det Danske Petroleums-Aktieselskab, Köbenhavn, 19. júní.

Skrás. 1923 nr. 25.

Geo G. Sandeman, Sons & Co., Ltd., London, 3. ágúst.

Skrás. 1923 nr. 31.

Ford Motor Company, Detroit, Bandaríkj. N.-Am., 29. sept.

Skrás. 1923 nr. 32.

Sami, 29. sept.

Skrás. 1923 nr. 35.

A/S Haukeli, Köbenhavn, 19. okt.

Skrás. 1923 nr. 36.

Sami, 19. okt.

160

Skrás. 1923 nr. 42.

Westminster Tobacco Co., Ltd., London, 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 44.

A/S Jens Villadsens Fabrikker, København, 27. nóv.

Skrás. 1923 nr. 45.

Jönköpings og Vulcans Tändsticksfabriks A/B, Stockholm, 11. desember.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,
31. desember 1933.

161

14. maí

REGLUGERÐ

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum
og varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Allir hundar í sýslunni tveggja mánaða og eldri skulu hreinsaðir af bandormum og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. desember ár hvert. En auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað aðra allsherjarhundahreinsun, er henni þykir ástæða til.

2. gr.

Sýslunefndin sér um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni og skal oddviti í samráði við héraðslækna, ráða einn eða fleiri menn í hverjum hreppi til starfsins. Þó er heimilt að skipa einn mann yfir stærra svæði, ef hentugra þykir. Skulu þeir menn hafa notið tilsagnar læknis áður en þeir hefja starfið, og hlýða leiðbeiningum hans.

3. gr.

Hundahreinsunarhús með baðkeri, eitt eða fleiri, skal hreppsnefnd sjá um að til séu í hverjum hreppi, og greiðist kostnaður af þeim úr sveitarsjóði.

4. gr.

Héraðslæknar sýslunnar annast útvegum meðala og baðlyfja til hundahreinsunar, og greiðast þau úr sýslusjóði.

Kaup lækningamanns skal miðað við ákveðið gjald fyrir hvern hund, sem hreinsaður er, og greiðist það einnig úr sýslusjóði.

5. gr.

Lækningamaður auglýsir, með ekki skemur en viku fyrirvara, hvenær lækning skuli fara fram í hreppnum, og skulu hundaeigendur skyldir til að koma með hunda sína á lækningastaðinn og hjálpa til við að koma þeim fyrir eftir því, sem hundahreinsunarmaður mælir fyrir.